

Stjórnarfundur 16. desember 2020 á Zoom

Mættir eru: Garðar, Anna María, Jófríður, Helga Ingibjörg, Kristín, Hinrik og Hermann Geir.

Fundur settur kl 20:30.

Staða Bárarvallar: Klúbburinn hefur einungis haft munnlegan lóðaleigusamning til eins árs í senn frá því árinu 2017 vegna deilna á milli landeigenda. Formaður hefur sent bréf til fulltrúa bæjarstjórnar þar sem hann lýsir yfir áhyggjum sínum vegna eigna klúbbsins á landsvæðinu sem deilt er um og óskar eftir aðstoð frá sveitarfélaginu við að gæta hagsmuna klúbbsins.

Aðalfundur GVG verður 31. janúar kl 18:00. Garðar áætla að segja af sér sem formaður. Anna María verður áfram sem gjaldkeri en Jófríður, Hinrik og Kristín ætla hætta í stjórn. Einar hefur óskað eftir því að hætta sem formaður unglinga- og nýliðanefndar en var ekki viðstaddur fundinn og því er það óstaðfest. Hermann Geir var óákveðinn um stöðu sína sem vallarstjóri.

Golfskáli: Nýja klæðningu vantar á suður og austur hlið skálans. Gera þarf kostnaðaráætlun og ákvörðun tekin eftir það.

Íþróttamaður ársins. Sveitarfélagið hefur ákveðið að fella niður val á íþróttamanni ársins fyrir árið 2020. GVG vill þrátt fyrir það tilnefna kylfing til íþróttamanns ársins innan klúbbsins og verður sú tilnefning send áfram til HSH vegna vals á íþróttamanni ársins hjá þeim. Klúbburinn tilnefnir Hermann Geir Þórsson.

Íslandsmót golfklúbba sumarið 2021: GSÍ auglýsti að opið væri fyrir umsóknir um að halda Íslandsmót golfklúbba. Dagsetningar mótanna eru eftirfarandi: 2. deild kvenna leikur 23.-25. júlí, 4. og 5. deild karla leikur 13.-15. ágúst og öldungadeild kvenna leikur 19.-21. ágúst. Umsókn fyrir hönd GVG er í höndum formanns. Þing GSÍ fer fram í Hveragerði 20. febrúar og á klúbburinn eftir að finna fulltrúa til að fara fyrir hönd GVG.

Önnur mál

- Almennt eru stjórnarmenn á því að sumarið hafi gengið vel
- Samningur við bæjarstjóra um slátt í bænum verður áfram. Golfvallarstarfsmenn fá fleiri svæði úthlutuð til sláttar inni í bænum og starfsmenn bæjarins (slátturgengi) koma part úr degi einu sinni í viku og hjálpi til við slátt á vellinum.
- Auka þarf um hálf tölubætur á vellinum. Væri óskandi að atvinnuleysistryggingasjóður tæki þátt í lækkingu launakostnaðar líkt og síðasta sumar.

Fundi slitið kl 21:35